

Tilgangur

Stefnan lýsir áherslum Sjóvár (Sjóvá-Almennra trygginga hf. og Sjóvá-Almennra líftrygginga hf.) á sviði sjálfbærni. Markmið stefnunnar er að skilgreina áherslur í sjálfbærni og stuðla að því að þær séu samþættar við alla starfsemi Sjóvár, áhættumat, ákvarðanatöku og aðgerðir. Sjóvá leggur ríka áherslu á að starfsemin uppfylli ávallt þær kröfur sem til hennar eru gerðar á sviði sjálfbærni.

Umfang

Stefnan nær til allrar starfsemi Sjóvár, stjórna, starfsfólks, þjónustu- og umboðsaðila sem og annarra sem starfa á hennar vegum.

Sjóvá verður í starfsemi sinni fyrir áhrifum af ólíkum sjálfbærnipáttum og starfsemi Sjóvár hefur einnig áhrif á þætti sem tengjast sjálfbærni.

Stefna

Hlutverk Sjóvár er að stuðla að betra samfélagi og leggur samstæðan ríka áherslu á að starfa í sátt við samfélag og umhverfi. Með því að hafa sjálfbærni að leiðarljósi í allri starfseminni og með því að taka mið af umhverfispáttum, félagspáttum og stjórnarháttum, er stuðlað að arðsemi og vexti til framtíðar til hagsbóta fyrir samfélag, viðskiptavinum, starfsfólk, hluthafa og aðra hagaðila.

Áherslur Sjóvár í sjálfbærni taka mið af þeim heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun sem tengjast starfsemi og áherslum félagsins.

Sjóvá hefur greint mikilvægustu sjálfbærnipætti félagsins út frá áhrifum sínum á þá og áhrifum þeirra á starfsemina. Áherslur stefnunnar tengdar þessum sjálfbærnipáttum eru eftirfarandi:

Loftlagsbreytingar (umhverfispættir)

Sjóvá leggur sitt af mörkum til að draga úr umhverfisáhrifum vegna starfseminnar með markvissum aðgerðum og ábyrgri og meðvitaðri nýtingu auðlinda. Sjóvá leitast við að draga úr losun frá starfseminni, með forvörnum, aðgerðum í tjónaþjónustu og í eigin rekstri.

Umhverfisáherslur miða að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda í eigin starfsemi og stuðla að minni losun með forvörnum, fræðslu og ábyrgum lausnum í vöruframboði og þjónustu. Sjóvá hefur sett sér umhverfisstefnu til að styðja við árangur á þessu sviði.

Forvarnir (félagspættir)

Sjóvá stuðlar að betra samfélagi með því að sinna forvörnum með markvissum hætti. Það er stefna Sjóvár að nýta þekkingu og gögn í forvarnaskyni og fækka þannig tjónum. Sjóvá miðlar forvarnafræðslu til viðskiptavina og samfélagsins alls, til að koma í veg fyrir slys og tjón, og til að lágmarka umfang og tíðni tjóna.

Það er stefna Sjóvárs að vera ábyrgt og virkt afl í samfélaginu, meðal annars með styrkveitingum. Í samræmi við hlutverk Sjóvárs er lögð sérstök áhersla á að styrkja verkefni sem hafa ríkt forvarnagildi.

Ánægja viðskiptavina og annarra notenda þjónustu (félagsþættir)

Sjóvá leggur áherslu á að veita framúrskarandi þjónustu og tryggja að þjónustan sé aðgengileg og í takt við þarfir og óskir viðskiptavina. Stefna Sjóvárs er að vera þjónustufyrirtæki í fremstu röð með því að vera til staðar fyrir þegar til tjóns kemur, standa undir væntingum viðskiptavina þegar á reynir og fara fram úr þeim, þegar það er mögulegt. Þá er lögð rík áhersla á að veita faglega ráðgjöf um tryggingar, byggða á þörfum viðskiptavina. Sjóvá stuðlar að ánægju viðskiptavina með því að veita persónulega þjónustu sem byggir á þekkingu og bjóða upp á aðgengilegar stafrænar þjónustulausnir.

Mannauður (félagsþættir)

Sjóvá hlúir vel að starfsaðstæðum og fyrirtækjamenningu með það að markmiði að vera eftirsóknarverður vinnustaður sem getur ráðið til sín framúrskarandi starfsfólk. Lögð er rík áhersla á að stuðla að starfsánægju, öflugri starfsþróun og símenntun starfsfólks.

Sjóvá vinnur markvisst að jafnréttismálum og leggur áherslu á að vera í fararbroddi í málaflokknum. Stefna Sjóvárs í jafnréttismálum byggir á mannréttindastefnu sem ætlað er að koma í veg fyrir mismunun, stuðla að jöfnum tækifærum starfsfólks og fjölbreytileika og hafa í heiðri grundvallarmannréttindi eins og þeim er lýst í alþjóðasamningum.

Stjórnarhættir (stjórnarhættir)

Sjóvá fylgir í hvívetna þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Sjóvá einsetur sér að vera fyrirmyndarfyrirtæki í stjórnarháttum, sem felur í sér að stjórnarhættir séu í samræmi við leiðbeiningar um stjórnarhætti og þær kröfur sem gerðar eru til félaga sem eru eftirlitsskyldir aðilar og skráð í kauphöll. Sjóvá leggur áherslu á að tryggja upplýsingaöryggi og vernd persónuupplýsinga

Leiðir

Gildi Sjóvárs byggja undir áreiðanleika og gagnsæi í starfseminni og eru leiðbeinandi í ákvörðunum stjórnar og starfsfólks. Þau eru; *Við sýnum umhyggju, Við byggjum á þekkingu, Við einföldum hlutina og Við erum kvik.*

Starfsfólki er skylt að fylgja útgefnum siðareglum samstæðunnar sem eru grunnviðmið fyrir góða viðskiptahætti og siðferði í viðskiptum.

Skilgreind hafa verið markmið og lykilmælikvarðar fyrir mikilvægustu sjálfbærniþætti Sjóvárs, til að stuðla að árangri á þessum sviðum.

Loftlagsbreytingar (umhverfisþættir)

Sjóvá vinnur að því að draga úr losun frá starfseminni, svo sem með forvörnum, aðgerðum í tjónaþjónustu, svo sem viðgerðum, endurnýtingu og endurvinnslu sem og í eigin rekstri. Leitast er við að upplýsa viðskiptavinum um umhverfisvænni tjónaþjónustu til að minnka sóun og veita fjárhagslega hvata til viðgerða í stað förgunar. Rafrænar þjónustuleiðir, svo sem rafrænar tjónstilkynningar og fjarskoðanir, eru nýttar til að draga úr akstri starfsfólks og viðskiptavina.

Samgöngusamningum og -styrkjum til starfsfólks er ætlað að draga úr umhverfisspori samgangna til og frá vinnu.

Umhverfisstefna og markmiðasetning eru verkfæri til að styðja við árangur í umhverfismálum. Sjóvá hefur skuldbundið sig til að draga úr losun frá starfseminni milli ára og kolefnisbinda sem nemur losun frá starfseminni í lok hvers árs.

Forvarnir (félagsþættir)

Sjóvá heldur úti öflugum forvarnarstarfi og áhættumati til að fyrirbyggja og minnka líkur á að tjón og slys verði, jafnt hjá einstaklingum sem hjá fyrirtækjum. Þetta gerir Sjóvá í nánú samstarfi við viðskiptavinum og í samvinnu við ýmis samtök og aðila sem vinna að forvarna- og öryggismálum.

Sjóvá veitir styrki til aðila sem vinna að forvarna- og öryggistengdum verkefnum. Kappkostað er að þeir fjármunir sem fara til styrktarmála styðji við hlutverk og stefnu Sjóvár og valin heimsmarkmið.

Ánægja viðskiptavina og annarra notenda þjónustu (félagsþættir)

Sjóvá leggur ríka áherslu á ánægju viðskiptavina og hefur sett sér markmiðum að vera með ánægðustu og tryggustu viðskiptavinum á íslenskum tryggingamarkaði. Sjóvá kappkostar að veita framúrskarandi þjónustu á sviði ráðgjafar, tjónavinnslu og þjónustu vegna tjóna. Sjóvá leitast við að mæta þörfum viðskiptavina hvar sem er og hvenær sem er, meðal annars með vaktsíma allan sólarhringinn, útibúum og þjónustu um land allt og með stafrænum þjónustuleiðum. Sjóvá mælir árangur á þessu sviði með innri og ytri mælingum, svo sem þjónustu- og viðhorfskönnunum. Stöðugt er unnið að því að bæta framboð á vörum og þjónustu í takt við breytingar á þörfum viðskiptavina og breytingar í samfélaginu.

Mannauður (félagsþættir)

Sjóvá hefur markmið um að starfsánægja sé með því hæsta sem gerist á íslenskum vinnumarkaði og mælir árangur með ytri og innri mælingum á starfsánægju og helgun. Jafnframt er reglulega framkvæmt sálfélagslegt áhættumat meðal starfsfólks. Sjóvá er með vottað jafnlaunakerfi og markmið um að óleiðréttur launamunur kynja sé í lágmarki. Leitast er við að hlutföll kynja séu sem jöfnust í hópi starfsfólks, framkvæmdastjórnar, stjórnendahóps, stjórna og nefnda.

Stjórnarhættir (stjórnarhættir)

Sjóvá kappkostar að starfsemin sé í samræmi við lög, reglur og leiðbeiningar og í samræmi við kröfur um góða stjórnarhætti. Sjóvá tryggir að til staðar séu nægjanleg aðföng til að starfsemin standist kröfur sem gerðar eru til upplýsingatækniöryggis.

Sjóvá leggur áherslu á að veita helstu hagaðilum viðeigandi upplýsingar um starfsemina og uppfylla kröfur um birtingu upplýsinga í samræmi við viðeigandi staðla, lagakröfur og góða viðskiptahætti.

Upplýsingagjöf

Sjóvá leggur sig fram um að veita hagaðilum viðeigandi upplýsingar um starfsemina. Upplýsingar um áherslur og árangur í sjálfbærni eru birtar á ýmsum stöðum, til að mæta þörfum helstu hópa hagaðila.

Sjálfbærniupplýsingar Sjóvár er meðal annars að finna í:

- Ásreikningi
- Árs- og sjálfbærnisýrslu
- Sjova.is
- Þátttakendasvæði UN Global Compact
- Sjálfbærnimati Reitunar

Í gildi frá 09.12.2025